

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra vegna landnotkunarbreytinga að Stóru-Mörk.

Skipulagsstofnun staðfesti 8. maí 2024 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 8. febrúar 2024.

Í breytingunni felst skilgreining á svæði fyrir verslun og þjónustu, og afþreyingar- og ferðamanna-svæði vegna áforma um frekari uppbyggingu ferðaþjónustu auk þess sem skilgreint er nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði. Afmörkun L2 og L3 er breytt til samræmis við endurskoðaða flokkun landbún- aðarlands sem gerð var samhliða breytingunni.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 8. maí 2024.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 10. maí 2024